

**36. gr.**

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins. Þegar váttryggingarféð er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafa þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

**37. gr.**

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt reglugerð þessari, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skulu endurtryggingariðgjöld, sem greidd eru samkv. 8. gr. reglugerðar þessarar ekki teljast til aðstöðugjaldskyldra útgjalda.

Váttryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélögin gefa út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

**38. gr.**

Venjur og reglur bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í reglugerð þessari.

**39. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 91 31. desember 1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 20. maí 1968.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

**Jón Ingimarsson.**

14. október 1976.

Nr. 368.

## **G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Grindavíkur.**

### **I. RAFORKA**

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### **A. Lýsing.**

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 43.50 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. auk fastagjalds sem er kr. 133.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 65.30 á ári af hverjum ferm.

#### **B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hverja kWst. auk mælaleigu.

#### **C. Vélanotkun o. fl.**

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 12 129.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fastengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kWst.-mæli á kr. 3.60 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 12 129.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kWst.-mæli á kr. 3.60 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 477.00 á hvert kw. í málaun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrjár stundir á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 12 129.00 á kw. á ári.

b) Af allri notkun kr. 3.60 á hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 133.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 53.20 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 96.00 á hvern ferm. á ári.

#### D. Hitun.

án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.60 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 3.35 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 3.35 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 350.00 hvert kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.60 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

#### *Skilyrði fyrir raforkusölu til húsa hitunar.*

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan lægur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis er hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

#### E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 13.20 hvert kw. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 3.20 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 10.45 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 21.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 amp. og minni .....	kr. 66.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 77.00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp. ....	— 132.00 á mán.
4. Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir .....	— 231.00 á mán.
5. Af mestaafismælum 100 amp. og minni .....	— 209.00 á mán.
6. Af mestaafismælum yfir 100 amp. ....	— 396.00 á mán.
7. Af álagsstýriliðum minni gerð .....	— 226.00 á mán.
8. Af álagsstýriliðum stærri gerð .....	— 396.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Heimtaugargjald kr.
1. 63 A 1-fasa .....	66 320.00
2. 63 A 3-fasa .....	71 580.00
3. 200 A 3-fasa .....	145 200.00
4. 350 A 3-fasa .....	346 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varakassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varakassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varakassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	11 760.00	1 750.00	22 150.00
63 A 1-fasa	16 510.00	1 750.00	25 760.00
100 A 3-fasa	17 510.00	2 250.00	29 530.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfa, skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilega erfiðar aðstæður skal greiða heimtauggjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöð.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1 573.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 573.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 296 11. júní 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1976.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976: